

ANTIKA EHF 2023

Innbærinn í Garðabæ

Samantekt um fornleifaskráningu

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner



Forsíðumynd: Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-39-0

@ Antikva ehf., Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fornleifaskráning	4
Skráningarsvæðið	5
Fornleifar á svæðinu	6
Tóft [1470]	7
Stekkjargata [1433] heimild um leið	9
Vífilstaðagata [1456] og Norðlingavað [1464] heimild	9
Samantekt	10
Heimildir	11

Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlistkort af fornleifum á svæðinu en þær eru allar horfnar.	6
Mynd 2 Tóft [1470] áður en hún var grafin.	7
Mynd 3. Könnunarskurðurinn sem tekinn var ofan í meinta tóft árið 2004.....	8

Inngangur

Að beiðni Arinbjarnar Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í innbæ Garðabæjar. Skráningin nær yfir Hæðahverfi, Byggðahverfi, Iðnbúð, Smiðsbúð, Bæjargil og Mýrar, nánar tiltekið Hofstaðamýrar.

Þétt íbúðarhúsabyggð er á öllu þessu svæði og voru einungis skráðir fjórar minjar sem allar eru horfnar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, úrvinnslu og mat á minjum innan skipulagssvæðisins.

Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning

Ragnheiður Traustadóttir skráði fornleifar á þessu svæði á vegum Þjóðminjasafns Íslands árið 1994.¹ Hún annaðist síðan aðra skráningu á svæðinu ásamt Önnu Rut Guðmundsdóttur á vegum Byggðasafns Skagfirðinga árið 2004.² Sama ár grófu Daniel T. Rhodes og Ragnheiður Traustadóttir ofan í tóft [1470] sem skráð hafði verið við Bæjarbraut. Síðar fór fram Fornleifaskráningu vegna aðalskipulags Garðabæjar sem Fornleifastofnun Íslands vann árið 2009.³ Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson skráðu svo fornleifar í Arnarneslandi vegna deiliskipulags árið 2018.⁴ Einnig skráði Ragnheiður fornleifar í landi Hofstaða vegna deiliskipulags 2019.⁵

Hér er stuðst við fyrri skráningar Ragnheiðar og fornleifarannsókn og fylgt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands en samkvæmt þeim ber að mæla upp allar minjar eða staðsetja þær. Í

¹ Ragnheiður Traustadóttir, 1994.

² Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, 2004.

³ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson, 2009.

⁴ Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson, 2018.

⁵ Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

Þessari skráningu er einungis um að ræða horfnar minjar og hafa þær verið staðsettar nákvæmlega.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir hluta af hinu forna Arnarneslandi og fylgja mörkin Arnarneslæk norðan Mýrahverfis, liggja norðvestur meðfram Bæjarbraut og vestur með Arnarnesvegi norðan Hæðahverfis. Þá liggja þau suður með Reykjanesbraut, austur með Hnoðraholtbraut sunnan Giljahverfis og beygja suður upp eftir Karlabraut. Loks liggja mörkin vestur milli Byggða og Lunda, norður eftir Hofsstæðabraut, vestur með Bæjarbraut og síðan norður milli Mýra og Silfurtúns aftur að Arnarneslæk. Skráningarsvæðið sést innan rauðu línunnar á kortinu á forsíðu. Allt þetta svæði er þéttbyggt íbúðarhúsum.

Fornleifar á svæðinu




Mynd 1. Yfirlistkort af fornleifum á svæðinu en þær eru allar horfnar.

Tóft [1470]

Mynd 2 Tóft [1470] áður en hún var grafin.

Við fornleifaskráningu árið 1994 var skráð tóft austan megin í svæðinu og henni lýst með þessum hætti: „Rústir B liggja norðnorðaustur af nýja Hofsstaðaskólanum um 10 metrum frá Bæjarbrautinni á móts við Blómahæð 10. [...] Austurhlið rústarinnar er samhliða Bæjarbrautinni, rúmir 4 metrar að lengd. Norður- og suðurhlið eru tæpir 5 metrar. Suðvesturhornið á vesturhlið er opið en hleðslan þeim megin er talsvert hrúin. Í vegghleðslum eru torf og grjótt. Þykkt veggja er frá 35 sentimetrum upp í 50 sentimetra. Lítill

skurður er á norðurhlið rústarinnar en óvíst að hann sé af mannavöldum.⁶ Rústin var talin forn og var því lagt til að hún yrði könnuð nánar áður en ráðist yrði í byggingaframkvæmdir.⁷



Mynd 3. Könnunarskurðurinn sem tekinn var ofan í meinta tóft árið 2004.

Um tíu árum síðar var tekinn könnunarskurður í rústina; hann var um 1 m að dýpt, 0,8 m að breidd og 3,5 m að stærð, með stefnu nokkurn veginn norður – suður. Skurðurinn var grafinn ofan í meintan vegg og miðað við að með honum fengist sýnishorn bæði af rýmum innan og

⁶ Ragnheiður Traustadóttir, 1994, 4.

⁷ Ragnheiður Traustadóttir, 1994, 4.

utan mannvirkis sem hann tilheyrði. Yngsta gjóskan sem fannst var frá Kötlugosinu 1500 en grafið var í gegnum hana, miðaldagjóskulög 1231 og 1226 og landnámslagið 871. Óvíst er hve lengi mannvirkið var í notkun og það hve lítil mannvist fannst í tengslum við það gefur til kynna að það hafi verið lítið notað. Jafnvel má draga í efa að um raunverulegt mannvirki hafi verið að ræða.⁸ Tóftin hefur því verið grafin og er nú horfin.

Stekkjargata [1433] heimild um leið

Samkvæmt Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni í *Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar* lá Stekkjargatan heiman frá Hofsstaðabænum „norður í jaðar Hofsstaðamýrar (Austurmýrar) og þar var Stekkurinn.“⁹ Stekkjargatan lá í því í gegnum Hofsstaðatraðirnar [1426] nánast í beinni línu frá bænum [1415] að Stekknum [1430] í Stekkjartúni.¹⁰ Stekkurinn er utan skráningarsvæðisins en á herforingaráðskorti frá 1909 sést að gatan hefur haldið áfram yfir Vetramýrina og niður að Arneslækjarvaði [1460] eða Arnarnesbrú [1461].¹¹ Þarna hefur verið bæjarleiðin milli Arnarnesbæjar og Hofsstaða sem einnig var notuð þegar mór var sóttur í Mýrina. Gatan er nú horfin undir byggð.

Vífilstaðagata [1456] og Norðlingavað [1464] heimild

Vífilstaðagata er merkt á kort í *Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar* en þar segir að gatan hafi legið frá Arnarneströðum [1442] um sunnanvert Arnarnesholt að Norðlingavaði [1464] á Arnarneslæk, síðan austan við Hofsstaðaholt til Vífilsstaða. Af kortinu að dæma virðist gatan liggja þvert austur af Hafnarfjarðarvegi að Dýjakrókum.¹² Vífilsstaðagata sést á Herforingjaráðskortinu eins og hún var um 1902 en í dag er hún að mestu leyti horfin undir byggðina í Akrahverfi.¹³

⁸ Rhodes og Ragnheiður Traustadóttir, 2004, 5-8.

⁹ Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001, 20.

¹⁰ Ragnheiður Traustadóttir, 2019, 15.

¹¹ Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson, 1918, 37-38.

¹² Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 23, 67.

¹³ *Herforingjaráðskort Dana*, 1909; Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson, 1918, 34.

Samantekt

Á svæðinu voru skráðar fjórar fornleifar og eru þær allar horfnar. Þessar minjar hafa verið í landi Arnarness. Þarna er um ræða tvær leiðir [1433], [1456], vað [1464] og tóft [1470].

Leiðirnar og vaðið eru horfin og tóftin var rannsökuð með uppgrefti árið 2004.

Ekki er að sjá nein merki á yfirborði um minjar á eða í námunda við skipulagssvæðið enda er það fullbyggt að mestu.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Daniel T. Rhodes og Ragnheiður Traustadóttir. (2004). *Fornleifakönnun í Akralandi (Arnarneslandi)*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. (2001). *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar: Safn til Sögu Garðabæjar*, III. Garðabær.

Herforingjaráðskort Dana: Reykjavík. 1909. Kaupmannahöfn.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. (2009). *Fornleifaskráning í Garðabæ*. FS414-05192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir. (1994). *Vettvangskönnun vegna deiliskipulags Arnarnesslands, Garðabæ: Könnun 8.-9. júní 1994*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar (III). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir. (2004). *Fornleifar í Arnarneslandi (Akralandi)*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson. (2018). *Fornleifaskráning Arnarnes í Garðabæ: Deiliskipulag Arnarness*. Antikva.

Ragnheiður Traustadóttir. (2019). *Lyngmóar, Kjarrmóar og Hrísmóar: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Antikva.